

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Tryggingastofnun  
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík  
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is



nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. mars 2016

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (barnalífeyrir) – Þingskjal 203 – 197. mál.**

Vísað er til tölvubréfs dags. 7. mars 2016 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Með frumvarpi þessu eru lagt til að við 4. mgr. 20. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 bætist við nýr málslíður sem orðast svo: Hið sama gildir ef fyrir liggur að feðrað barn sé móðurlaust af annarri ástæðu en greinir í 1. mgr.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að í almannatryggingalögum séu tæmandi talin þau tilvik þar sem greiðsla barnalífeyris getur átt sér stað og samkvæmt laganna hljóðan á faðir móðurlauss barns ekki rétt á greiðslu barnalífeyris, jafnvel þótt meðlagsgreiðslna njóti ekki við, ef móðurleysið stafar af öðru en andláti. Síðan segir að þetta geti til að mynda átt við ef faðir hefur eignast barn með aðstoð staðgöngumóður annars staðar en á Íslandi og í tilvikum þar sem einhryggur manni hefur verið veitt leyfi til ættleiðingar barns skv. 4. mgr. 2. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999.

Tryggingastofnun vill vekja athygli á því að samkvæmt íslenskum barnalögum telst kona sem elur barn sem getið er við tæknifrjövungun móðir þess, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga barnalaga nr. 76/2003. Því telur stofnunin að þessi viðbót við ákvæði 20. gr. laga um almannatryggingar veiti ekki rétt til barnalífeyris vegna barna sem fædd eru með aðstoð staðgöngumóður meðan slíkt er ekki löglegt á Íslandi og barn, fætt af staðgöngumóður, telst samkvæmt íslenskum lögum eiga móður á lífi.

Virðingarfyllst,

Huld Magnúsdóttir  
Forstjóri